

## 10. Viðbragðsleiðbeiningar: Geislavá- atvik - almennt

### 10 Geislavá- atvik

Varla er hugsanlegt að atvik sem veldur geislavá gagnvart almenningi verði hér á landi. Kjarnorkuver eru öll víðsfjarri en á nokkrum stöðum hérlendis eru í notkun geislalindir (geislavirk efni). Nokkrar þeirra eru það öflugar að almenningi gæti stafað af þeim ógn væri þeim beitt í glæpsamlegum tilgangi. Hugsanlegt væri að dreifa geislavirkum efnum til að valda ótta og jafnvel hættu. Þá er ekki hægt að útiloka með öllu að mökkur af geislavirkum efnum gæti borist frá fjarlægum slysstað. Í slíkum tilvikum bæri að leita skjóls innandyra, halda sig þar, fylgjast með og fylgja leiðbeiningum frá til þess bærum stjórnvöldum.

#### 10.1 Almennar leiðbeiningar

- Rýmið hættusvæðið og hringið í 112
- Látið aldrei tilvist geislavirkra efna eða grun þar um tefja fyrir lífbjörgun eða aðstoð við slasaða
- Lífbjörgun ef hægt er (fólk sem grunur leikur á að sé mengað af geislavirku efni verður að hreinsa (þrif) eins fljótt og mögulegt)
- Lokið svæðinu
- Varið fólk í nágrenninu við
- Eyðið eins litlum tíma á mengaða svæðinu eins og hægt er (látið viðbragðsaðila skiptast á) (konur á barneignaaldri eiga ekki að vera á hættusvæðinu)
- Snertið ekki við hlutum á hættusvæðinu
- Látið vita af að ekki má borða, drekka eða reykja án þess að þvo sér vandlega um hendur og andlit
- Ef atvikið gerist innandyra:
  - Lokið byggingunni
  - Lokið hurðum og gluggum
  - Slökkið á loftræstikerfi / loftræstingu

Lífsbjargandi aðstoð:

- Fjarlægið sjúklinginn frá geislalindinni eða lindina frá sjúklingnum ef hægt er. E.t.v. er mögulegt að koma upp skýlingu umhverfis lindina
- Fjarlægið fatnað + skó án þess að draga yfir höfuðið. Klippið föt
- Skolið líkamann með vatni (ef mögulegt er). Hitað vatn ef mögulegt
- Þvoðið eða skolið andlit og hendur til draga úr hættu á innöndun eða inntöku efnanna
- Vefjið sjúklinginn í teppi til að forðast kælingu